

**Listaháskóli Íslands**  
**Iceland University of the Arts**

KIRSUBERJAGARÐURINN e. Anton Chekhov. Í samstarfi við Þjóðleikhúsið og LA. Sýnt í Samkomuhúsinu 19.-21. maí og í Kassanum, Þjóðleikhúsinu, 25. maí - 2. júní.

**Leikarar**

**Birta Sólveig Söring Þórisdóttir** / Ljúbov Andreévna Ranévska. Óðalseigandi

**Hólmfríður Hafliðadóttir** / Anja dóttir hennar

**Berglind Alda Ástþórsdóttir** / Varja, uppeldisdóttir hennar

**Selma Rán Lima** / Dúnjasha, vinnukona

**Gunnur Martinsdóttir Schlüter** / Símjonova – Píshjik

**Gréta Arnarsdóttir** / Sjarlotta Ívanovna, heimiliskennari

**Jón Bjarni Ísaksson** / Leoníd Andreévítj Gajev bróðir Ranévska

**Mikael Emil Kaaber** / Firs, gamall þjónn & Jasha, ungur þjónn

**Nikulás Hansen Daðason** / Érmolaj Aleksejvítsj Lopakhín kaupmaður

**Jakob van Oosterhout** / Pjotr Sergejvítsj Trofimov stúdent & Semjon Pantelejevítj Epikhodov skrifstofumaður.

**Ávarp leikstjóra:**

Það er með miklu þakklæti og auðmýkt sem ég rita þetta ávarp. Fyrst og fremst er það þakklæti fyrir að fá að vinna með og leikstýra þessum glæsilegu og hæfileikaríku útskriftarnemum af leikarabroti LHÍ sem sannarlega hafa sýnt hvað í þeim býr. Með einlægni, fegurð og hugrekki að vopni hafa þau unnið ötullega í sínu námi þar sem þau hafa vaxið og dafnað með hverju verkefninu. Þau hafa jafnt og þétt skapað sér sína sérstöðu og lagt grunninn að listamanninum í sér svo unun hefur verið að fylgjast með.

Í öðru lagi er það þakklæti fyrir að fá að setja upp með þeim eitt fallegasta og besta leikverkið, Kirsuberjagarðinn eftir Anton Tsjechov. Hvað við erum heppinn að hafa fengið að vera í þeim garði að leika okkur! Tsjechov og hans verk hafa verið mér hjartfólgin lengi, eða frá þeirri stundu þegar ég sá Mávinn í uppsetningu Rimas Tuminas, hér í Þjóðleikhúsinu. Það var eins og hulu væri frá svipt, allt var svo skýrt og svo fallett, líka fyndið og grátbroslegt, mér fannst ég skilja þessar manneskjur. Síðan átti ég eftir að sjá allar sýningar hans Rimasar, m.a Kirsuberjagarðinn. Frú Emilía setti sömuleiðis upp ógleymanlega sýningu á Kirsuberjagarðinum í Héðinshúsinu, allt eru þetta sýningar sem lifa með manni.

Það er skemmst frá því að segja að upp frá þessu elskaði ég leikritin og sögurnar hans Tsjechov

af öllu hjarta og hef séð uppsetningar af þeim víða um heim.

Tsjekhov hefur einstaka sýn á lífið og á mannssálina. Hann er snillingur í að segja okkur sögur af manneskjunni, af okkur sjálfum, vonum okkar og þrá, og hann gerir það á sinn hátt með kurteisni, virðingu og kærleika þannig að allir geta tengt við persónurnar og það sem þær eru að ganga í gegnum. Hann segir okkur sögur af mennskunni, hvað það er að vera til og hvað við getjum verið grátbrosleg í okkar mestu þjáningum. Leikritin hans eiga alltaf við okkur erindi því allt gengur í hringi og manneskjan er alltaf sú sama þegar allt kemur til alls. Í þessari sögu eru persónurnar m.a. takast á við óttann við breytingar- „allt tekur enda í þessum heimi“ segir í verkinu, nýjar kynslóðir taka við af gömlum, tímabil í lífi fólks taka enda og ný taka við, hvernig förum við að því að sleppa tökunum, að horfast í augu við það sem við óttumst mest? Í þessu ferli höfum við verið að skoða m.a. þessa hluti og verið óhrædd við að spyrja okkur stórra spurninga, hvað það er að vera til, að vera manneskja? Hver er tilgangur lífsins? Hvað þýðir að eiga heima? Hvað er hamingja? Við höfum sett fókusinn á manneskjuna og á hringrás lífsins. Kirsuberjagarðurinn er heima, hann er ástin, hamingjan, frelsið, hann býr í hjörtum okkur allra. Við þurfum ekki annað en að leita inn á við, til okkar sjálfs, til að finna það sem við leitum að, til að sigrast á ótta og hatri og til að elska.

Ég vil þakka Þjóðleikhúsinu og öllu því frábæra fólki sem þar starfar fyrir dásamlegt samstarf og fyrir að hafa tekið svona vel á móti okkur. Sömuleiðis þakka ég Listaháskóla Íslands og öllum aðstandendum fyrir gjöfult og gott samstarf.

Kæru leikarar, ég óska ykkur innilega til hamingju með áfangann, þið eruð stjórnur sem skínið skært !

Megi framtíð ykkar vera björt og gæfurík. Njótið ferðalagsins!

Edda Björg Eyjólfsdóttir

**AÐSTANDENDUR:**

**Leikstjóri:** Edda Björg Eyjólfsdóttir

**Leikmynd og búningar:** María Th. Ólafsdóttir

**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson

**Tónlist:** Peter J. Östergaard

**Hljómsveit:** Lindong Lin söngur, Yuichi Yoshimoto á hljómborði/píanó.

**Leikmyndasmíði:** Egill Ingibergsson

**Ljósmyndir:** Leifur Wilberg Orrason

## ÞAKKIR:

Magnús Geir Þórðarson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Guðmundur Erlingsson, Jón Stefán Sigurðsson, Ingibjörg G. Huldardóttir, Þóra Guðbjörg Benediksdóttir, Áshildur María Guðbrandsdóttir, Aron Þór Arnarsson, Ásta Jónína Arnardóttir, Berglind Einarsdóttir, Björn, Bergsteinn Guðmundsson, Tinna Lind Gunnarsdóttir, Sváfnir Sigurðarsson, Marian Chmelar, Friðdóra Magnúsdóttir, Eiríkur Böðvarsson, Allt það frábæra fólk í öllum deildum, Þjóðleikhússins, Kristín Eysteinsdóttir, Þóra Einarsdóttir, Steinunn Ketilsdóttir, Una Þorleifsdóttir, Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, Vala Ómarsdóttir, Egill Ingibergsson, Ingibjörg Huld Haraldsdóttir, Agnar Jón Egilsson, President Bongó, Óttar Sæmundssen, Seglagerðin Ægir, Björgvin Barðdal, Pixel, Stefán Már Magnússon, Anna Kristín Gunnarsdóttir fyrir frábæra aðstoð og nærveru, Grímur, Haddi, Karla og allir sem hafa lagt okkur lið með einum eða öðrum hætti.

Uppt.: Egill Ingibergsson

<https://vimeo.com/952290196?share=copy>



